StáJféJagiö
endurvakið
Með kombakk á Tveimur vinum íkvöld.

Blóm og eldar

„Annað gigg Stálfélagsins var
sögulegt. Við vorum að fara að
spila í kjallara Tunglsins, sem nú
kallast Rósenbergkjallarinn, og
höfðum tekið á leigu hljómkerfi
Reykjavíkurborgar sem er upp á
4000 wött. Við áttuðum okkur
ekki á því að þetta kerfi dugar vel
fyrir hljómleika í stórum sölum á
borð við Laugardalshöllina, stillt-
um því öllu upp í kjallaranum,
töldum í og byrjuðum að spila. Og
þvílíkur hávaði, hitablásturinn út
úr hátölurunum var á við áfimikla
hárþurrku. Til samanburðar er
þetta kerfi helmingi stærra en það
sem var notað á rokkhátíðinni í
Þjórsárdal síðasta sumar." Það er
SIGURJÓN SKÆRINGSSON, söngvari
rokksveitarinnar Stálfélagsins, sem
hefur orðið og minnist frumdaga
hljómsveitarinnar með þessari
sögu, það er ekki laust við að gæti
hlýju í rödd hans. Þetta var árið
1992. Þá um sumarið varð Stálfé-
lagið húshljómsveit rokkbúllunnar
Grjótsins en þangað komu menn
helst ekki öðruvísi klæddir en í
leðri eða gallafatnaði, ef einhverjir
freistuðu inngöngu með hálstau
var það miskunnarlaust klippt af
þeim af dyra-
vörðum stað-
arins. Þetta

urðu meðlimir Stálfélagsins svo
frægir að spila fyrir kollega sína úr
Iron Maiden í einkasamkvæmi sem
var haldið í Grjótinu til heiðurs
ensku þungarokkssveitinni að
loknum stórtónleikum í Laugar-
dalshöll.
Stuttu síðar lagðist Stálfélagið í
dvala en meðlimir sveitarinnar
sögðu þó ekki skilið við tónlistina.
GUDLAUGUR FALK sem er einn há-
værasti gítarleikari íslands og þó
víðar væri leitað, JóN RICHTER
GUÐJÓNSSON bassaleikari og
trommarinn SIGURÐUR REYNISSON
tóku sæti í rokksveitinni góðkunnu
Exist sem hélt til Bandaríkjanna í
leit að frægð og frama. Þeir eru nú
allir snúnir heim úr víkingnum og
Stálfélagið hefur verið endurvakið.
Fyrstu tónleikar sveitarinnar eftir
hléið eru í kvöld á Tveimur vinum.

Áður lék Stálfélagið eingöngu lög
eftir fyrrirrennara sína í rokkinu,
lög sem hljómsveitir eins og Black
Sabbath og Nazaret gerðu fræg.
Sigurjón segir að í kvöld verði nýtt
skref stigið í sögu hljómsveitarinn-
ar því þá á að frumflytja sjö spánný
lög eftir hljómsveitarmeðlimina
sjálfa og er meginhluti þeirra með
íslenskum textum. „Það hefur ein-
hvern veginn loðað við íslenska
dægurtónlist síðustu ára að ef
sungið er á íslensku er það annað
hvort dísætt píkupopp eða hryðju-
verkaárás á hljóðhimnurnar úr
neðanjarðargeiranum. Við viljum
núna láta á það reyna hvort al-
menningur hafi yfirhöfuð áhuga á
aggresívu, melódísku rokki með ís-
lenskum textum. Á efnisskránni í

kvöld er allt frá fullorðins gcd-
rokki til flóknari tónverka í ætt við
það sem Metallica hefur verið að
spila. Að loknum frumflutningi
okkar laga ætlum við síðan að
halda áfram með erlent efni og
rokka húsið í tætlur."
Tónleikarnir í kvöld eru í boði
Stálfélagsins og því frítt inn. ©

Blóm og eldur eru helstu umfjöllunarefni HULDU
HAKON á sýningunni sem hún opnar að Kjarvals-
stöðum á laugardaginn. Þar sýnir hún málverk og
skúlptúra.

„Blómin byrjuðu sem krot þegar ég
var einhverju sinni ísímanum en eldana
hef ég aftur á móti fengist lengi við.
Fyrsta myndin var gerð með bláum
kúlupenna og var send í Mail-art sýn
inguna ÍSarajevo. Ég teikna blá
blóm sem er bókmenntaleg klisja.
Blómin eru andstæða við eldinn,"
segir Hulda og vill ekkert fara nánar
út í fyrir hvað hann stendur. Hún
segirþað augljóst.
Að venju er texti stór hluti af verkum
Huldu.

„ Textarnir eru mikilvægir fyrir mig til að vísa
áhorfandanum lengra en inn íþessa sjónrænu
upplifun. Ég lít alls ekki á mig sem skáld. Ég fæ
hugmyndir héðan og þaðan og meðal annars af
þvíað lesa auglýsingatexta. Ég reyni að hafa
textana mismunandi og fá þá til að vísa íallar átt-
ir," segir Hulda.
Hún hefur verið að huga að sýningunni að
Kjarvalsstöðum síðan hún hlaut
þriggja ára starfslaun Reykjavíkur-
borgar árið 1992. Þó hún kunni vel
við sýningarhúsnæðið er það ekki al-
veg að hennar skapi.
„Þetta ergott hús en hefurþann van-
kanta að þar er afskaplega stórt loft. Mér
W finnst ég vera að sýna með lofti og er reið
þvíað myndlistarmenn þurfi að lúta lögmál-
um þess," segir Hulda.

L E I K H U S
Agamemnon leiklesin kl. 16:00 í Borgarieik-
húsinu. Leikarar eru I búningum þótt þeir haldi
á handritunum í hendinni svo þetta er nú ekki
svo slæmt.

Allir synir minir á Stóra svlði Þjóöleikhúss-
ins. 23. sýning af þessu frábæra leikriti Millers.
Kristbjörg Kjeld stendur fyrir sfnu.

Blóðbrullaup eftir Lorca í Smfðaverkstæði
Þjóðleikhússins kl. 20:30. Býsna góð sýning.

Eva Luna á Stóra sviði Borgarleikhússins kl.
20:00. Hlýtur að vera heilmikil skemmtun, alla
vega fer fólk á þetta vilde væk.

Vörulyftan sýnd af Islenska leikhúsinu kl.
20:00 í Hinu húsinu sem eitt sinn var Þórscafé.
Þetta er síöasta sýningin.

F U N P I R

Steinn Kárason heldur fyrirlestur í Norræna
húsinu um ekkert annað en trjáklippingu.
Hann hefst kl. 14:00. Ekki úr vegi að kynna sér
meðferð trjákfíppa áður en snjóa leysir í görð-
um.

O P N A N I R
Þrjár sýningar verða opnar í Nýlistasafninu í
dag. Listahreyfingin The Guerilla Girls frá New
York sýnir veggspjöld. Þetta er hópur kvenna
sem ekki vill láta nafn sfns getið og kemur fram
í þröngum kjólum og með górillugrfmur. Þær
Svala Sigurleifsdóttir og Inga Svala Þórs-
dóttir sýna jafnframt eigín verk í Nýló. Eitt
verka Ingu Svölu er reyndar gert með Kínverjan-
um Wu Shan Zhuan. í efri salnum eru svo
verk úr eigu safnsins.

Hulda Hákon og Ólafur Gíslason opna sýn-
ingar á Kjarvalsstöðum í dag. Hulda í vestur-
salnum, Olafur í miðsal. Hulda sýnir málverk og
skúlptúra en Ólafur rauðvínsglös sem hann
drakk úr á síðasta ári.

Dröf n Friðfinnsdóttir opnar sýningu í ASI.
Þar sýnir hún stórar tréristur.

Margrét Sveinsdóttir opnar sýningu í Gallerí
HáSkólavörðustíg.

í Þ R 6 T T I R
Körfubolti Annar leikur suöurnesjaliðanna
Njarövíkur og Grindavíkur fer fram í dag þegar
leikið veröur I Ijónagryfjunni í Njarðvík. Grind-
vlkingar eru f fyrsta skipti í sögu félagsins
komnir alla leið í úrslitin og er spurning hvort
Guðmundi Bragasyní, hinum unga þjálfara
liðsins, takist að stýra mónnum sfnum til sigurs
gegn hinu reynslumikla liði Njarðvíkur. Auk
þess að þjálfa liðið leikur Guömundur einnig
með því, og það ekki lítið hlutverk, það sama
gerir reyndar þjálfari Njarðvíkurliðsins, Valur
Ingimundarson. Leikurinn hefst klukkan .
16.00.

Handbolti Stjarnan leikur við Víking í úrslita-

keppni fyrstu deildar kvenna á heimavelli sínum
í Garðahæ. Hefst leikurinn klukkan 14.00.

Fótbolti Reykjavfkurmótið í knattspyrnu hefst
aftur að loknu páskafríi í kvöld með leik ÍR og
Vals. Þessi leika bæöi íefri deild Reykjavíkur-
mótsins sem kallast A-deild. Leikurinn er á
gervigrasvellinum í Laugardal og hefst klukkan
17.00.

SJÓNVAR P
RIKISSJONVARPIO 09.00 Morgunsjónvarp
barnanna 10.50 Er vandinn óleysanlegur? Um-
ræðuþátíurum íslenskt atvinnulíf, endursýndur
11.45 Staður og stund SigmarB. Hauksson brá
sér til Brussel og reyndi að átta sig á borginni.
Hvernig væri að átta sig lyrst á bvernig gera á
sjónvarpsþætti, Sigmar?íZ.Z0 Póstverslun -
auglýsingar Fyrir þá sem hala ekki elni á að fara
tilAmeríku. 12.15 Hemmi Gunn endursýndur.
13.30 Syrpan 14.40 Einn-x-tveir Áðurádag-
skrá á miðvikudaginn. 13.55 Enska knattspyrn-
an 16.50 íþrottir 17.50 Táknmálsfréttir 18.00

Völundur Teiknimyndaflokkur um hetju íallra
kvikinda /ft/18.25 Veruleikinn Flóra Islands,
endursýning. 18.40 Eldhúsið 18.55 Frétta-
skeyti 19.00 Strandverðir Þátfur um blondínur
og brúna pilta. 20.00 Fréttir 20.30 Veður
20.35 Lottð 20.45 Simpson- fjblskyldan Besti
þátturinn ísjónvarpinu að sögn Hómers. 21.15
Upp, upp mín sál - breyttir tímar Bíómynd
um einhverja Bedlord-íjölskyldu sem fólk á að
kannast við úr framhaldsþáttum. Þættirnir gerð-
ust um 1960 en myndin um 1990 22.55
Svipugöngin Spennumyndum löggu sem ler
með konu sem á að bera vitniíLas Vegas frá
Phoenix. Clint Eastwood leikuraðalhlurverkið
og leikstýrir. 00.40 Dagskrárlok.

STÖÐ TVÖ 09.00 Með afa 10.30 Skot og
mark 10.55 Jarðarvinir 11.20 Simmi og
Sammi 11.40 Fimm og furðudýrið 1:6.12.05
Lfkamsrækt Stoluleiklimi Irá Stúdíó Jónínu og
Hrafns. Bnnig er Glódís Gunnarsdóttir með en
hún vilaði ekkí lyrir sér að mæla I aðskorna æf-
ingagallanum I stúdió þegar hún var með popp-

korn /7yra.12.20 NBA tilþrif 12.45 Evrópski
vinsældalistinn Topp 20 trá MTV. 13.40
Heimsmeistaraþridge Landsbréfa 13.50 Er-
nest f sumarbúðum Ernest gerist umsjónar-
maður isumarþúðum og þá er ijandinn laus.
15.103-BlÖ. Draugasögur Teiknimyndeftir
sögum Charles Dickens. 16.00 Gerð Shindlers
List 16.30 Gerð Heaven and Earth, nýjustu
myndar Oliver Stone 17.00 Ástarórar 32 úra
mamma vill meira stuð og ler að halda framhjí
18.00 Popp og kók Ég fæ mér Irekar Prins Póló
19.19.19.19. 20.00 Falin myndavél 20.25
Imbakassinn 20.50 Á norðurslóðum 21. þáttur
af 2521.50 Örlagavaldurinn Galdrakarlinn
Michael Cane getur látið draumana rætast. End-
ar örugglega á þvíað örlagaþolandinn fattarað
heima erbest. 23.25 Hyldýpið Þrigg/astjörnu-
mynd með mögnuðum neðansjávartökum um
kalara sem leita að löskuðum kjarnorkukafbiti.
Endirinn er algjört Hollívúddgubb. Stranglega
bönnuð. 01.50 Fiugsveitin Hetjur I háloltun-
um sem töguðu Víetnamstríðinu. Með William
Daloe, BradJohnson og Danny Glover. 03.40

1^y&-

T ó n "

^famMSk^ FIMMTUDAGUR 7,apríl

f*P

RASK

i s t G

FÖSTUDAGUR 8. apríl

UNDIR

TUNGUNU

a u k s

LAUGARDAGUR 9 apríl

UNDIR

TUNGLINU

» i n s

SUNNUDAGUR 10 apríl

ALVARA

n æ s t 1

MÁNUDAGUR11 apríl

ALVARA

1 v i k

ÞRIÐJUDAGUR 12. apríí

PLÁHNETAN

u

MIÐVIKUDAGUR13. apríl

PLÁHNETAN

FIMMTUDAGUR 7. APRlL 1994 29